

BORGARRÁÐ 18.8.'16: Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um fjölgun lögregluembættu á höfuðborgarsvæðinu - R 16080088

Borgarráð samþykkir að senda áskorun til innanríkisráðherra um að lögregluembættum innan höfuðborgarinnar verði fjölgað innan sex mánaða.

Á árinu 2006 var samþykkt með lögum að Lögreglan í Reykjavík, í Hafnarfirði og í Kópavogi skyldu renna saman í eitt, þ.e. embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Embættið tók til starfa 1. janúar 2007 og hefur verið að taka ýmsum breytingum frá stofnun. Nú eru fjórar eiginlegar starfsstöðvar hjá embættinu, á Hverfisgötu og á Vínlandsleið í Reykjavík, í Kópavogi og í Hafnarfirði. LRH telur ekki ástæðu til að fjölga lögregluembættum eða starfsstöðvum, en hins vegar er þörf á fjölgun í útkallsliði lögreglu vegna fjölgunar íbúa og ferðamanna í umdæminu.

Virðingarfyllst,
Sigríður Björk Guðjónsdóttir
Lögreglustjóri

Málsnr.: R16080088
Skjalasafn Ráðhúss
14. ágú. 2017
Bréfalykill: 750